

- UNGGRÍS: Ungir grísir sem vega allt að 36 kg, aldur allt að 3ja mánaða. Útlit og verkun óaðfinnanleg, fitudreifing jöfn og F1 minna en 18 mm.
- GRÍS II: Skrokkar með F1 frá 20 til 23 mm og fita annars staðar á skrokknum mikil og ójöfn. Í þennan flokk skal einnig setja skrokka með minni háttar útlitsgalla.
- GRÍS III: Óhóflega feitir skrokkar, F1 yfir 23 mm, eða mjög rýrir skrokkar. Einnig skal meta í þennan flokk grísi með meiriháttar útlitsgalla, svo sem mikil einkenni kláðasýkingar, bitsár, vansköpun og aðra þá útlitsgalla sem rýra verulega verðgildi þeirra.

2. Gyltur.

Gyltur sem ganga með fósttri eða hafa gotið eða leggja sig á yfir 85 kg fallþunga. Gyltur aðgreinast í tvo flokka:

GYLTA I: Skrokkar af ungum, vöðvafylltum og vel útlítandi gyltum, sem ekki teljast óhóflega feitar. F1 ekki yfir 35 mm.

GYLTA II: Skrokkar af öðrum gyltum.

3. Geltir.

Geltir á öllum aldri, sem ekki hafa verið vanaðir innan þriggja mánaða aldurs, svo og geltir sem leggja sig á yfir 85 kg.

GÖLTUR I: Skrokkar af ungum, vel útlítandi göltum, sem ekki vega yfir 100 kg.

GÖLTUR II: Skrokkar af öðrum göltum.

4. Svínakjöt í heilbrigðisflokki 2:

Kjöt af svínum sem kjötskoðunarlæknir dæmir í heilbrigðisflokk 2 (sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 168/1970), skal merkt þannig:

a. Kjöt af grísum, GRÍS IV.

b. Kjöt af öðrum svínum, SVÍN IV.

2. gr.

5. mgr. 33. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30, 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. september 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um umferð í Tálknafjarðarkauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps og samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 30. mars 1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Tálknafjarðarkauptúni:

- 1) Strandgata njóti forgangs gagnvart götum, sem að henni liggja:
 - a) Biðskylda verði á Lækjargötu gagnvart Strandgötu.
 - b) Biðskylda verði á Hafnargötu gagnvart Strandgötu.
 - c) Biðskylda verði á Hrafnadalsvegi gagnvart Strandgötu.

- 2) Lækjargata njóti forgangs gagnvart hliðargötum:
 - a) Biðskylda verði á Miðtúni gagnvart Lækjargötu.
 - b) Biðskylda verði á Túngötu gagnvart Lækjargötu beggja vegna.
 - c) Biðskylda verði á Móatúni gagnvart Lækjargötu beggja vegna.
- 3) Hrafnadalsvegur njóti forgangs gagnvart Bugatúni:
 - a) Biðskylda verði á Bugatúni gagnvart Hrafnadalsvegi.
- 4) a) Settar verði gangbrautir á Lækjargötu við Móatún, Túngötu og við Strandgötu.
b) Sett verði gangbraut á Túngötu við Lækjargötu.
c) Sett verði gangbraut á Miðtún við Lækjargötu.
d) Sett verði gangbraut á Strandgötu utan til við Tunguá.
- 5) Bannað að leggja ökutækjum við efri kant götu í Móatúni, Túngötu, Miðtúni og Strandgötu. Bannað að leggja ökutækjum í Lækjargötu.
- 6) Umferð vörubifreiða bönnuð í Lækjargötu, Móatúni, Túngötu og Miðtúni nema til losunar eða lestunar.
- 7) Umferðarmerkið „BÖRN“ verði sett upp við afleggjara að leikskóla og við Strandgötu móts við netaverkstæði (Nýja-Bæ) og verði síðartalda merkið með undirmerkinu „SKÓLI“.

Reglur þessar taka gildi 1. október 1988 og eru þá numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Tálknafirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Barðastrandarsýslu, 14. september 1988.

Stefán Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 443 25. september 1987 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988-1989.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr. með innleggi kindakjöts í afurðastöð fyrir 15. nóvember 1988, með ráðstöfun skv. 1. mgr. 7. gr. eða með því að gera staðfest samkomulag við afurðastöð um að nýta hann með innleggi síðar á verðlagsárinu 1988/1989, greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt. Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt skal svara til hlutfalls launa- og fjármagnskostnaðar vextir af fjárfestingu í haustgrundvallarverði sauðfjárafurða 1988. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur þessar skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Ekki verður greitt fyrir ónotaðan rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis. Heimilt er þó að greiða þeim framleiðendum fyrir ónýttan fullvirðisrétt sem skáru niður vegna riðu og hófu fjárþúskað á ný árin 1985-1987, þó að framleiðsla þeirra sé innan við 50%. Greiðsla til þeirra verður þó að hámarki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti og tilsvarendi búmarki milli lögbýla, enda sé ekki um skammtímaráðstöfun að ræða og fyrir liggi samþykki viðkomandi búnaðar-